

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 144/2017

frá 7. júlí 2017

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250 frá 12. júlí 2016 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauka við EES-samninginn verður því breytt í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5ep (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/65/ESB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5eq. **32016 D 1250**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250 frá 12. júlí 2016 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd sem Evrópusambandið og Bandaríkin hafa gert samkomulag um til varnar friðhelgi einkalífsins (Stjtið. ESB L 207, 1.8.2016, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 1.8.2016, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING